

Samgöngur á landi

Samgöngukerfi landsins tók miklum breytingum undir stjórn Sjálfstæðisflokksins. Enn vantar þó mikið upp á að stofnvegir þess geti talist viðunandi m.t.t. byggðaðróunar, atvinnulífs og samkeppnishæfni byggðarlaga. Sjálfbærar skynsamlegar samgöngur fyrir alla óháð samgöngumáta er það sem leggja á til grundvallar. Öllum tegundum umferðar verði gert jafn hátt undir höfði, þannig að hver og einn geti valið þann samgöngumáta sem hann kys. Kjörorðin eru:

- Hreyfanleg umferð
- Hagkvæm umferð
- Hreinni umferð
- Hindrunarlaus umferð
- Hljóðlát umferð
- Hættulaus umferð

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins styður umferðaröryggisáttak Sameinuðu þjóðanna til ársins 2020 „Decade of Action“, sem hófst árið 2011 og stefnir að 50% fækkun alvarlegra umferðarslysa á heimsvísu næstu 10 ár. „Áratugur aðgerða“ verði notaður til hins ýtrasta til eflingar umferðaröryggis á Íslandi. Skoða þarf sérstaklega að taka upp svokallaða „núllsýn“ í umferðaröryggismálum á Íslandi með það að markmiði að enginn farist í umferðarslysum, að hætti þeirra þjóða sem fremstar standa eins og Holland og Svíþjóð.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur áherslu á að við forgangsröðun samgöngumannvirkja verði hagkvæmni höfð að leiðarljósi með tilliti til öryggis, byggðasjónarmiða, umferðarþunga, mengunar og gæða.

Arðsemi við vegagerð skal ávallt vera í fyrirrúmi. Horft skal til aukinnar burðargetu og styttingu vegalengda, bæði innan fjórðunga og milli landssvæða, við ákvörðun um framkvæmdir við samgöngumannvirki. Unnið verði að uppbyggingu stofnvega til og frá höfuðborgarsvæðinu m.t.t. öryggis og umferðarþunga. Líta þarf sérstaklega til alþjóðlegra staðla og viðmiða um þessa þætti.

Landsfundur telur að skoða megi sérstaklega möguleika á annars konar fjármögnun samgöngumannvirkja en framlaga af fjárlögum, svo sem einkafjármögnunar og einkareksturs, þar sem því er við komið. Leitast skal við að halda áhættu ríkisins af stórum samgöngumannvirkjum í lágmarki.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins vill áréttta, að tryggt sé að markaðir tekjustofnar ríkisins til vegagerðar skili sér óskiptir lögum samkvæmt til viðhalds og stofnframkvæmda á vegakerfi landsins.

Landsfundur vill að staðið verði við áætlun um jarðgöng í gildandi samgönguáætlun og að framkvæmdir hefjist samkvæmt henni hið fyrsta. Gera þarf áætlun um endurbætur á núverandi jarðgöngum á Íslandi, þannig að þau standist öryggiskröfur.

Lagningu bundins slitlags á öllum meginleiðum verði lokið innan fjögurra ára. Þá skal markvisst unnið að því að fækka einbreiðum brúm á stofn- og tengivegum. Uppbyggingu hjólreiða-, göngu- og reiðstíga í og við þéttbýli þarf að vinna heildstætt.

Umferðarfræðsla í grunn- og framhaldsskólum verði augin til muna og ökukennsla á Íslandi byggð upp á sama hátt og í löndunum í kringum okkur, sér í lagi hvað varðar aðstöðu og aðferðir við verklega kennslu.

Nýta ber vistvæna orkugjafa enn frekar við samgöngur. Vel verði fylgst með tækniframförum og þróun á því sviði og nýta það sem helst hentar fyrir íslenskar aðstæður. Hvatt verði til þess að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis.

Samgöngur á sjó

Vegna landfræðilegrar legu Íslands verða samgöngur á sjó ætíð mikilvægar og vill landsfundur að vel verði að þeim staðið. Sjálfstæðisflokkurinn leggst eindregið gegn ríkisvæðingu sjóflutninga kringum landið. Standa þarf vörð um Landhelgisgæsluna og það mikilvæga starf sem hún gegnir fyrir íslenska þjóð.

Sjálfstæðisflokkurinn vill að ferjuleiðir verði skilgreindar sem hluti af þjóðvegakerfi Íslendinga og sem liður í eflingu ferðaþjónustunnar. Gjaldtöku og þjónustu ber að haga í samræmi við þá skilgreiningu.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins lýsir áhyggjum af aldri þeirra ferja sem halda uppi samgöngum á sjó við Ísland. Einnig telur landsfundur í ljósi erfiðleika við siglingar í Landeyjahöfn sérstaklega mikilvægt að Herjólfur sem heldur uppi samgöngum við Vestmannaeyjar verði endurnýjaður. Um leið verði tryggt að breytingar verði gerðar á Landeyjahöfn þannig að hún nýtist sem heilsárshöfn.

Samgöngur í lofti

Reykjavíkurlugvöllur gegnir óumdeilanlega lykilhlutverki sem miðstöð sjúkra- og innanlandsflugs. Flugvælinum skal því tryggð áframhaldandi aðstaða í Vatnsmýrinni og hið fyrsta skal hefjast handa við byggingu nýrrar flugstöðvar. Grunnforsenda er að þar séu reknar tvær flugbrautir til frambúðar.

Landsfundur leggur áherslu á að innanlandsflug verði með svipuðu sniði og verið hefur. Áfram verði stutt við flugleiðir til jaðarbyggða, þó þannig að hagkvæmni sé gætt í hvívetna.

Íþyngjandi reglugerðir [og óhófleg opinber gjaldtaka] geta orðið þess valdandi að áætlunarflug innanlands ásamt almannaflugi (einkaflug, kennsluflug, sviffug, fisflug) á Íslandi leggist af. Leita þarf lausna nú þegar.

Keflavíkurlugvöllur er miðstöð millilandaflugs á Íslandi og þarf að þróast sem slíkur. Halda þarf áfram uppbyggingu flugvallanna í Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum, þróun þeirra sem varaflugvalla Keflavíkurlugvallar og til eflingar á millilandaflugi.

Rýmka þarf heimildir til að sinna millilandaflugi þar sem aðstæður leyfa á landsbyggðinni og auka þar með möguleika í ferðaþjónustu.

Skipulags- og byggingarmál, byggðamál, málefni sveitarstjórnarstigsins og verkaskipting þess og ríkisins

Vegna nálægðar við íbúana eru sveitarfélögin betur til þess fallin en ríkið að sinna einstaklingsbundnum þörfum þeirra. Mikilvægt er að sveitarfélög, undir forystu Sjálfstæðisflokksins, beiti sér fyrir þátttöku íbúa í ákvarðanatöku á grundvelli ákvæða nýrra sveitarstjórnarlaga um íbúalýðræði.

Fjárhagsleg staða margra sveitarfélaga er ennþá erfið. Lögð er áhersla á efnahagslegan styrk og fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga. Þeim skulu tryggðir nauðsynlegir tekjustofnar í samræmi við þau verkefni sem þeim eru fallin í stjórnarskrá og lögum. Þau skulu vera nægjanlega öflug og sveigjanleg í eðli sínu svo þau geti staðið undir þeirri fjölbreyttu þjónustu sem íbúar þeirra kalla eftir.

Skattlagning af hálfu sveitarfélaga skal vera hófleg og byggja á því að ábyrgðar og hagkvæmni sé gætt við framkvæmd og fjármögnun þjónustunnar.

Nýta skal jöfnunarkerfi til að gera öllum sveitarfélögum kleift að sinna lögboðnum verkefnum með sambærilegum hætti.

Breikka þarf og styrkja tekjustofna sveitarfélaga. Kanna skal möguleika á því að sveitarfélög fái aukna hlutdeild í skatttekjum ríkisins.

Sú meginregla skal viðurkennd við verkaskiptingu í opinberri stjórnsýslu að kveðið sé á um verkefni sveitarfélaga í ramma- og markmiðslögum þannig að þau hafi svigrúm til staðbundinnar aðlögunar við framkvæmd þeirra. Stefna skal að flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga í samræmi við þetta sjónarmið, enda fylgi tekjustofnar með.

Mikilvægt er að sveitarfélögin taki ríkari þátt í efnahagsstjórn landsins því nauðsynlegt er að ríki og sveitarfélög gangi í takt og virkt samráð sé haft um hagstjórn landsins. Þetta á sérstaklega við nú þegar sveitarfélögin taka að sér verkefni sem áður hafa verið á forræði ríkis. Sveitarfélög hafa sett sér fjármálareglur sem takmarka útgjaldavöxt og skuldsetningu milli ára og er það vel. Nauðsynlegt er að ríkið setji sér einnig reglur sem koma í veg fyrir þenslu ríkisins með tilheyrandi aukinni skattheimtu og skuldasöfnun.

Stefna þarf að einföldun og samræmingu þjónustu á sviði velferðarmála og draga þannig úr flækjustigi gagnvart notendum og kostnaði hins opinbera.

Kanna þarf hvar styrkjakerfi ríkis og sveitarfélaga skarast og hver jaðarskattaáhrif fjárhagsstuðnings eru.

Forsenda þess að fleiri verkefni flytjist frá ríki til sveitarfélaga er að sveitarfélögin séu hagkvæmar rekstrareiningar sem staðið geti undir lögbundnu hlutverki sínu. Stór og öflug

ÁLYKTUN UM UMHVERFISMÁL

sveitarfélög sem annast fjölþættari verkefni eru liður í eðlilegri valddreifingu og heilbrigðri samkeppni sveitarfélaga um eflingu lífsgæða. Vinna þarf að eflingu sveitarstjórnarstigsins í góðri sátt við íbúa.

Sjálfstæðisflokkurinn telur að sveitarfélög eigi að einbeita sér að lögbundnum verkefnum. Þá ber sveitarfélögum að nýta krafta einkaaðila þegar það á við.

Í stefnu Sjálfstæðisflokksins felst að sveitarstjórnir skapi fyrirtækjum samkeppnishæf skilyrði, m.a. á grundvelli skipulagsmála. Tryggja ber að skipulagsvaldið sé hjá sveitarfélögunum enda taki þau tillit til almannahagsmuna. Auka skal samstarf sveitarfélaga í skipulagsmálum á samliggjandi byggðasvæðum.

Sjálfstæðisflokkurinn skal beita sér fyrir mótun landsbyggða- og höfuðborgarstefnu.

Leggja skal áherslu á lífvænleika hvernar byggðar þar sem einstaklingar geti nýtt sér tækifæri landsins til verðmætasköpunar og almennra lífsgæða.

Vinna skal með sveitarfélögum að gerð áætlana um markvissa uppbyggingu í hverjum landshluta og fela þeim í auknum mæli ákvörðunarvald um útdeilingu fjármagns til opinberra verkefna.

Góð menntun, góðar samgöngur og fjarskipti eru eitt af megintækifærum landsbyggðarinnar til aukinna lífsgæða íbúanna. Því er brýnt að forsendur skapist fyrir fjölbreyttu námsframboði, jafnt með staðbundnu námi og fjarnámi.

Grunnur að auknum lífsgæðum er lagður með því að nýta gæði landsins sem best. Einstaklingsfrelsi og skapandi hugsun í atvinnumálum er nauðsynleg til að fjölga atvinnutækifærum. Uppbygging efnahagslífs, virkjana- og stóriðjuframkvæmdir, framkvæmdir í samgöngum og stuðningur við nýsköpun treystir búsetuskilyrði í landinu.

Sjálfstæðisflokkurinn skal beita sér fyrir mótun nýrrar byggðastefnu, þar sem leita skal þess markmiðs að jafna aðstöðu landsmanna varðandi atvinnurekstur, atvinnu og búsetu. Skoða skal þau ráð sem næstu nágrennar Íslendinga sem búa við mikið misvægi í aðstöðu og búsetu og hafa svipaða samfélagsgerð svo sem Norðmenn hafa gripið til, ef vera kynni, að af þeim megi læra. Ber þar ekki síst að skoða stöðu þeirra sem búa á stöðum sem standa höllum fæti vegna bágra samgangna, skertrar opinberrar þjónustu, fjarlægðar frá mörkuðum og þess háttar. Gjöra skal betur en gert hefur verið í því efni að flytja starfsemi opinberra stofnana út á land eða einstök verkefni þeirra og koma nýjum stofnunum eða starfsemi fyrir annars staðar en í Reykjavík og nágrenni í því skyni að jafna umsvif ríkisvaldsins í landinu.

Styrkja skal starf Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaga um land allt.

Tryggja skal að gjaldajöfnuður byggða í varnarbaráttu verði ekki neikvæður.

Umhverfismál

Íslendingar eiga mikið undir umhverfisvernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Sjálfbær þróun mætir kröfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Hún byggist á þremur meginstoðum; vistfræðilegri, félagslegri og efnahagslegri, sem eru óaðskiljanlegar og háðar hver annarri.

Sjálfstæðisflokkurinn minnir á að sjálfbær þróun og nýting auðlinda snýst um velferð þjóðarinnar og raunar alls mannkyns.

Stjórnvöld bera mikla ábyrgð við mótun almennrar stefnu í umhverfismálum. Ekkert er þó jafn mikilvægt og ábyrgð einstaklingsins. Viðurkenna ber að maðurinn er hluti af náttúrunni og á sinn rétt sem slíkur við mat á umhverfisáhrifum.

Nýting náttúruauðlinda

Landsfundur telur að skynsamleg og hagkvæm nýting náttúruauðlinda Íslands verði best tryggð með því að nýtingar- og afnotarétturinn sé í höndum einkaaðila, jafnvel þótt eignarhald auðlinda sé opinbert.

Landsfundur leggur áherslu á að ráðstöfun og útdeiling nýtingarréttinda auðlinda í opinberri eigu fari fram með gagnsæjum hætti. Hagur þjóðarinnar skal ávallt vera grundvöllur ráðstöfunar auðlindanna. Stjórnvöld setji skýrar reglur um nýtingu og afnot þeirra til að tryggja að langtímahagsmunir séu ekki fyrir borð bornir. Þess verði ávallt gætt að nýting orkuauðlinda, landsins stefni ekki heilsu íbúanna í hættu. Hlifa þarf náttúruverðmætum á friðlýstum svæðum.

Aðgangur að hreinu og góðu drykkjarvatni er hvarvetna forsenda búsetu og kann að verða eitt megin úrlausnarefni mannkyns í framtíðinni. Landsfundur leggur því þunga áherslu á að vatnsvernd verði tryggð og að þess verði gætt við skipulagningu nýrra byggða að mikilvægum vatnsbólum verði ekki spillt.

Landsfundur telur mikilvægt að almenningi verði tryggt gott aðgengi að landi til útivistar.

Rammaáætlun

Í ljósi samkeppnis- og jafnræðissjónarmiða er mikilvægt að mat á virkjanakostum sé gagnsætt og taki mið af umgengni við auðlindina og hámarksarðsemi.

Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er matsferli á virkjunarkostum og náttúrugæðum sem leitar málamiðlunar milli verndar, annarrar nýtingar náttúrugæða og orkuframkvæmda.

Landsfundur leggur áherslu á að samþykkt Alþingis á upphaflegu áætluninni sem byggist á faglegu mati og sjónarmiðum sátta í samfélaginu, er nauðsynleg svo rjúfa megi þá stöðnun sem skapast hefur um virkjunarkosti í landinu. Rammaáætlun er ekki pólitísk skiptimynt og hefur Sjálfstæðisflokkurinn lagt áherslu á að hafa fagleg sjónarmið að leiðarljósi og halda flokkspólitískum sjónarmiðum frá. Eins og rammaáætlun lítur út eftir pólitísk inngrip stjórnarflokkanna eru nánast engir vatnsfallsvirkjunarkostir eftir í nýtingarflokki. Ljóst er að engin sátt getur orðið um þessa niðurstöðu sem varpar fyrir róða áralangri faglegri vinnu

verkefnisstjórnar. Vinnubrögðin sem voru viðhöfð við að keyra málið í gegn þýða að engin pólitísk sátt er um málið. Faglegum sjónarmiðum var fórnað á altari þröngra hagsmuna hávaðasams minnihluta.

Náttúruvernd

Náttúra landsins færir fólki endurnæringu, hvatningu og hugarró. Mikilvægt er að gengið sé vel um náttúruna.

Einkaframtakið reynist vel í náttúruvernd og það þarf að nýta frekar. Huga þarf vel að náttúruperlum landsins og heimila gjaldtöku til að vernda og stýra aðgangi ferðamanna að viðkvæmum svæðum. Gistináttagjald og önnur ómarkviss gjaldtaka af ferðamönnum verði afnumin.

Frumvarp um heildarendurskoðun náttúruverndarlaga er ótækt og mun missa marks, hafi tilgangur þess verið að stuðla að bættri umgengni mannsins við íslenska náttúru. Frumvarpið er ótækt því þar er gert ráð fyrir að löskuð vistkerfi verði varðveitt í núverandi ástandi en ekki bætt, ferðafrelsi takmarkað en gjaldtaka á almenning og atvinnulíf nær nýjum hæðum. Valdið sem stjórnvöldum er fengið er náttúruvernd ekki til framdráttar. Vantraust ríkir, sökum þess ríka valds sem frumvarpið ætlar ríkinu, hvaða stofnunum valdið er falið og hvernig þær stofnanir hafa beitt valdi sínu til þessa. Hætt er við að kerfið bjóði heim öfgum, af því að enginn maður hefur visku til þess að fara með valdið sem lögin gera ráð fyrir. Þannig verður ríkisstofnunum beitt t.d. gegn sveitarfélögum og landsmönnum öllum, um leið og stjórnkerfi náttúruverndar verður dýrt, flókið og óskilvirkt. Verði frumvarp þetta að lögum fyrir lok yfirstandandi þings, mun Sjálfstæðisflokkurinn beita sér fyrir því, að þau verði numin úr gildi á komandi kjörtímabili.

Leitast skal við að nýframkvæmdir og mannvirki falli sem best að umhverfi sínu en draga verður úr vaxandi skipulagsofsa og eftirlitsiðnaði. Landsfundur telur að bæta þurfi aðkomu að áhugaverðum og vinsælum svæðum með það að markmiði að ferðamenn geti skoðað landið á öruggan hátt, enda verði tekin upp hófleg gjaldtaka á vinsælum ferðamannastöðum til að fjármagna viðhald og uppbyggingu ferðamannastaða. Náttúruvernd skal höfð að leiðarljósi við slíkar framkvæmdir.

Eitt mikilvægasta verkefni Íslendinga á sviði náttúruverndar er að snúa við þeirri gróður- og jarðvegseyðingu sem hófst við landnám. Til þess þarf uppgræðslu örfoka lands, nýrækt skóga og beitarstjórnun.

Í okkar valdi er að stýra beit á landinu til þess að náttúruleg gróðurmyndun geti átt sér stað.

Ferðafrelsi

Landsfundur leggur áherslu á að tryggja beri aðgang almennings að náttúru landsins, um vegi og vegslóða.

Þess verði þó gætt að umferð ferðamanna og umsvif ferðaþjónustufyrirtækja gangi ekki á rétt annarra með landsspjöllum og ónæði.

Loftslagsmál og mengunarvarnir

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins telur, að vísbendingar um loftslagsbreytingar af mannavöldum séu sterkar. Sporna þarf gegn of hraðri hlýnun loftslags sem getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir mannkyn og lífríki jarðar.

Landsfundur telur brýnt að dregið verði úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda. Þetta verði gert með sem hagkvæmustum hætti, bæði með því að draga úr beinni losun af mannavöldum og með því að stórauка skógrækt og aðra eflingu gróðurlenda í landinu, enda er skógrækt árangursrík og ódýr leið til bindingar koltvísýrings. Leitað verði leiða til að uppfylla skuldbindingar Íslendinga um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. með nýtingu koltvísýrings til eldsneytisframleiðslu úr endurnýjanlegum innlendum orkulindum og með skógrækt. Jafnframt því að binda koltvísýring er með aukinni skógrækt sköpuð ný og verðmæt náttúruauðlind, komandi kynslóðum til arðs og yndisauka.

Tryggja þarf eigendum skóga rétt yfir því kolefni sem bundið er í þeim og verslun með það ef tækifæri gefst til þess í framtíðinni.

Mikilvægt er að minnka magn úrgangs sem þarf að urða, t.d. með endurnýtingu og endurvinnslu. Hvetja ber sveitarfélög til að taka upp aukna flokkun á sorpi þar sem hún er hagkvæm. Mikil verðmæti fara forgörðum við núverandi ástand, ekki síst það landrými sem urðunin krefst.

Þar sem aðstæður leyfa skal tækjabúnaður til orkuvinnslu úr sorpi nýttur með nýjustu tækni og mengunarbúnaði.